

Þingsályktun

um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.

Alþingi ályktar, sbr. lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, að stjórnvöld fylgi stefnumörkun um opinber fjármál samkvæmt eftirfarandi yfirliti um áformaða afkomu- og skuldaþróun fyrir fjárlagaárið 2018 og næstu fjögur ár þar á eftir á grundvelli þeirra forsendna sem fjármálastefnan er reist á. Með hliðsjón af núverandi efnahagshorfum og horfum í fjármálum hins opinbera eru stefnumið í opinberum fjármálum næstu fimm ár eftirfarandi:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2018	2019	2020	2021	2022
Hið opinbera, A-hluti					
Heildarafkoma	1,4	1,2	1,1	1,0	1,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,2	1,0	0,9	0,8	0,8
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
Skuldir*	33,8	31,0	28,5	27,3	25,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	27,5	25,0	23,0	22,0	20,0
þar af sveitarfélög, A-hluti	6,3	6,0	5,5	5,3	5,0
Opinberir aðilar í heild					
Heildarafkoma	2,9	3,0	3,0	3,0	3,0
þar af hið opinbera, A-hluti	1,4	1,2	1,1	1,0	1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	1,5	1,8	1,9	2,0	2,0
Skuldir*	59,8	55,0	50,5	48,3	45,0
þar af hið opinbera, A-hluti	33,8	31,0	28,5	27,3	25,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	26,0	24,0	22,0	21,0	20,0

* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

- I. Afgangur verði á heildarjöfnuði hins opinbera tímabilið 2018–2022, sem verði að lágmarki 1,4% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2018, 1,2% af VLF árið 2019, 1,1% af VLF 2020 og 1,0% af VLF á ári þar á eftir.

- II. Heildarskuldir hins opinbera verði komnar undir 30% af VLF í árslok 2020 og verði ekki hærri en 25% af VLF í árslok 2022.
- III. Heildarútgjöld hins opinbera vaxa á árinu 2018 um 0,6% af VLF frá fyrra ári. Þróun á umfangi starfsemi hins opinbera út tímabilið verði með þeim hætti að það stuðli að efnahagslegum stöðugleika.

Alþingi staðfestir að fjármálastefna þessi sé samkvæm þeim grunngildum og skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laga um opinber fjármál.

Samþykkt á Alþingi 22. mars 2018.